



Vettvangur fyrir þátttöku eldri borgara - samskipti og framtak (Place-EE)

Upplýsingar um viðburði:

Í tölublaði 4 af fréttabréfi Place-EE.

Mikilvægar og spennandi framfarir síðan í 3. tölublaði í febrúar 2019:

Fyrstu lotu af vinnustofum eldri borgara og yngri kynslóða. Einnig er vinnustofum á milli kynslóða lokið;

Kortlagningu samfélagsins okkar er lokið og hægt er að hlaða þeim niður (sjá nánar á blaðsíðu 4);

Fjölpjóðlega "netskjala" menningarsafnið okkar er tilbúið, og getur nú tekið á móti efni;

Og þátttakendur hafa sótt Place-EE ráðstefnur (nánar fjallað um það hér að neðan).

Hver er staðan núna?

Verkefnastjórar vinna í samstarfi við þátttakendur verkefnisins að því að safna efni og hlaða inn í Fjölpjóðlega menningarsafnið;

Verkefnastjórar eru að undirbúa sig fyrir frekari vinnustofur;

Samstarfsaðilar í Lýðheilsustofnun Norður-Írlands eru að skipuleggja Place-EE hakaþon (sjá komandi viðburði);

Áframhaldandi þátttaka almennings og uppfærslur í gegnum samfélagsmiðla;

Öldungar halda áfram að iðka upplýsingatækni sína.

Í þessu tölublaði:

Fjallað um starfsemina og þá kunnáttu sem skipst hefur verið á vinnustofum.

Einnig eru sýndir gripir frá þáttökusvæðunum.

Hvað er framundan?

- Place-EE kynningarfundur og fundur þátttakenda 17.-18. september 2019, Fjarðabyggð.
- Place-EE kynningarfundur, október 2019, Limerick, Írlandi.
- Place-EE kynningarfundur, 25.-26. janúar 2020, Ulster University, Coleraine, Norður Írlandi (bls 4).

Hverfisráð Fermanagh og Omagh (FODC)

Í febrúar 2019, hefur FODC nú lokið við annað þrep af vinnustofunum, þar á meðal (aukalega) ferð eldri borgara á Hagstofu Norður Írlands (Public Record Office of Northern Ireland (PRONI)), auk ferðar stúdenta sem unnin var í samstarfi við samtarsfélaga í Tengjum kynslóðir verkefninu (Linking Generations NI (LGNI)) (frekari upplýsingar á bls 4), ásamt frekari verkefnum sem stuðla að tengingum kynslóða. Samtals tóku 32 yngri og 37 eldri þátttakendur þátt á þessu svæði. Einn hópur þátttakenda hefur haldið áfram í Derrylin til þess að ræða sögu svæðisins.

Leza, verkefnastjóri í FODC, er nú að ráðfæra sig við eldri borgara á svæðinu til þess að skilja hvaða námskeið þeir myndu vilja í framtíðinni koma á laggirnar og er að hitta aðra hópa á svæðinu til að skilja upplýsingatæknikennslu og draga þannig úr félagslegri einangrun þeirra. Næst ætlar FODC í Place-EE verkefninu að vinna með grunnskólum á tveimur öðrum svæðum í héraðinu.



Place-EE þátttakendur í Dromore, Tyrone sýslu



Sögulegir hlutir í FODC

Fjarðabyggð, Ísland



Þátttakendur á Íslandi hafa haft mjög gaman af því að kynnst hvort öðru og að hittast í verkefnahópnum. Þeim fannst reynslan ótrúlega lærdómsrík og þau höfðu sérstaklega gaman af því að uppgötva ný snjallforrit og ræða fjölskyldusögu sína.

Eldri þátttakendur könnuðu hvernig upplýsingatæknin gæti hjálpað þeim í daglegu lífi. Þeir komu með kaffi, heima bakaðar kökur og mikið af gripum og persónulegum sögum til að deila með yngri þátttakendum.



Place-EE þátttakendur í Fjarðabyggð



Persónulegir hlutir sem þátttakendur deildu.

Borgar- og sýsluráð Limerick (LCCC)

Vel hefur gengið í vinnustofunum í Limerick, en að meðaltali voru 21 yngri og 23 eldri þátttakendur í sextán námskeiðum. Umræðuefni voru oft um staðbundna arfleifð, þekkingu, menningu, sögum, ljósmyndum og minningum var deilt á milli kynslóða. Þátttakendur ræddu einnig um hvernig mætti færa þessa þætti yfir á stafrænt form fyrir netskjallasafnið. Áframhaldandi vinna heldur áfram.

Til að bæta við Place-EE verkefnið hélt LCCC röð námskeiða fyrir upplýsingatækni fyrir öldunga sem búa á svæðinu sem hafa gengið mjög vel.



Place-EE þátttakandi deilir menningarlegum hlut í Limerick



Allir þátttakendur og starfsmenn á síðastu vinnustofu þvert á kynslóðir í Limerick



Umeå Háskólinn

Hópur eldri borgara hafa unnið í tæknifræðslu í Åsele. Hópnum er stýrt af Q-Life rannsóknarhópnum (www.qlife.se) og er styrktur af Åsele Sveitarfélaginu. Hópurinn hittist í Kulturhuset, bókasafninu á staðnum, til að þróa tölvufærni sína. Þeir hafa einnig farið í skoðunarferðir til þess að rannsaka staðbundna menningu og sögu vegna netskjallasafnsins.

Umeå Háskólinn hefur lokið við þróun á Place-EE fjölþjóðlegu menningar netskjallasafni og nú er vettvangurinn tilbúinn til að efni verði hlaðið inn frá hverju þáttökusvæði. Upplýsingar um hvernig á að heimsækja skjallasafnið verða gerðar aðgengilegar á samfélagsmiðlinum okkar (upplýsingar á bls. 5) og í næsta tölublaði fréttabréfsins.



Eldri borgarar í skoðunarferð sinni um staðbundna menningu og sögu


Skellefteå kommun Sveitafélagið Skellefteå

Sveitarfélagið Skelleftea í Svíþjóð hefur haldið alls ellefu námskeið hingað til með 25 yngri þátttakendum og 10 öldungum (að meðaltali 8 öldungar sóttu námskeiðin). Þátttakendur héldu áfram að taka þátt í sýndarveruleika á fundum sínum og nemendur aðstoðuðu öldunga við tækni í afmörkuðu „tæknihorni“. Þeir ræddu einnig öryggi á netinu og menningu og sögu staðarins og einblíndu oft á svæðisbundna mállýskuna 'bondska'. Allir fengu að njóta uppbyggingarhátíðar á sameiginlegri smiðju.



Vinnustofa kynslóða í Skellefteå

Þáttökuskírteini

Þátttakendur í Place-EE fögnuðu afrekum sínum og fengu skírteini við kynningarathöfn í kjölfar fyrstu röð námskeiðanna. Tveir sjálfbóðaliðar verkefnisins í Limerick fengu einnig viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf við Place-EE verkefnið á Limerick Age Friendly Awards í maí 2019. Hægt er að skoða allar ljósmyndir af viðurkenningum og kynslóðir á kynslóðum viðburðum á vefsíðu okkar undir „Outreach Groups“ (upplýsingar um vefsíðuna á bls. 5).



Place-EE þátttakendur með þáttökuskírteinin sína FODC



Place-EE þátttakendur og facilitators at the Age Friendly Awards in Limerick, May 2019

Til þess að sækja Place-EE samfélags kortlangningar „verkfærakassan“ ásamt öðrum verkefnum, vinsamlega farið á ‘Outputs and Results’ á Place-EE heimasíðunni (nánar á bls. 5).

Frekari upplýsingar um Place-EE hakaþon, sjá ‘Events eða Viðburðir’ á heimasíðu Place-EE. Uppfærslur verða birtar á samfélagmiðlum okkar í kjölfar viðburðarins.

Frekari upplýsingar um „Tengjum kynslóðir“ verkefnið (Linking Generations) sendið tölvupóst á: infolgni@bjf.org.uk eða skoðið; <https://linkinggenerationsni.com/>



Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á:

Vefsíðu: <http://place-ee.interreg-npa.eu/>

Facebook: [fb.me/placeeeNPA](https://www.facebook.com/placeeeNPA)

Twitter: [@place_ee](https://twitter.com/place_ee)

Netfangi: place-ee@ulster.ac.uk

☞ 4. tölublað af Fréttabréfi Place-EE verður aðgengilegt í febrúar 2020 ☞



**Mark
Your
Calendar**

Place-EE er styrkt af



**Northern Periphery and
Arctic Programme**
2014–2020



EUROPEAN UNION

Investing in your future
European Regional Development Fund